

Nd.

132. Frumvarp til laga

[111. mál]

um Hitaveitu Suðurnesja.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sjö sveitarfélög á Suðurnesjum, sbr. 2. gr., skulu setja á stofn hitaveitufyrirtæki, er nefnist Hitaveita Suðurnesja.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir. Reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Hitaveita Suðurnesja skal reisa kyndistöðvar, teljist slíkt nauðsynlegt vegna rekstraröryggis.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er í Keflavík.

2. gr.

Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinna sveitarfélaga. Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%.

Eignarhlutar

Keflavíkurkaupstaðar,

Njarðvíkurhrepps,

Gerðahrepps,

Miðneshrepps,

Hafnahrepps,

Grindavíkurkaupstaðar og

Vatnsleysustrandarhrepps skulu samtals nema 60%.

Eignarhlutdeild sveitarfélaganna sjö skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra 1. desember 1974.

Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar ákveðið að krefja viðbótarframlags frá eigendum skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll. Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

3. gr.

Starfsemi Hitaveitu Suðurnesja skal beinast að öflun heits vatns fyrir sveitarfélög þau, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Jafnskjótt og unnt er skal hitaveita lögð til Keflavíkurflugvallar.

Verkefni Hitaveitu Suðurnesja skulu nánar tilgreind í reglugerð.

4. gr.

Ríkissjóður skal afhenda Hitaveitu Suðurnesja öll mannvirki sín í Svartsengi og þar í nánd, þar á meðal borholur fyrir heitt og kalt vatn, og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjana á Svartsengissvæðinu. Náist eigi samkomulag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti, er aðrir eignaraðilar afhenda.

5. gr.

Sameignaraðilar að Hitaveitu Suðurnesja leggja fram stofnframlag 50 milljónir kr., sem skiptist milli aðila í hlutföllum þeim, er um getur í 2. gr. Í framlagi eignaraðila skulu talin verðmæti þau, sem um ræðir í 4. gr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Ráðherra er þó heimilt að ákveða, að bygging og rekstur dreifiveitu á Keflavíkurflugvelli skuli vera þar undanþegin.

7. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð fimm mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa þrjá stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Verði ekki samkomulag milli sveitarfélaganna um það í upphafi hvert þeirra skuli eiga fulltrúa í stjórninni skal hlutkesti ráða. Aldrei skal nema einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sitja í stjórn á hverjum tíma. Hvert sveitarfélag skal eiga fulltrúa í stjórninni í þrjú ár samfleytt og skal hann tilnefndur af viðkomandi sveitarstjórn. Þó skal einn hinna upprunalegu stjórnarmanna vikja eftir eins árs setu í stjórn og annar eftir tveggja ára setu þannig, að framvegis víki fulltrúi eins sveitarfélags árlega. Komi sveitarfélögin sér ekki saman um, í hvaða röð fulltrúar þeirra skulu vikja og taka sæti í stjórn, skal hlutkesti ráða. Stjórnin skiptir með sér verkum. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur fyrirtækið.

8. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hluthundinni kosningu, en fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra manna í stjórn.
5. Önnur mál.

10. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur gjaldskrá um verð á heitu vatni til notenda. Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár. Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Heimilt er stjórn Hitaveitu Suðurnesja að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a. m. k. fimm þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 2000 milljónum kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar hún Hitaveitu Suðurnesja með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstjórnin ákveður.

13. gr.

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkis, sýslu- og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga, er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja skal undanþegin stimpilgjöldum.

14. gr.

Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

15. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal hvoru tveggja lokið fyrir 1. janúar 1975.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hitaveitu Suðurnesja. Skal stjórn Hitaveitu Suðurnesja undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alllangt er síðan hugmyndir komu upp um hitaveitu á Suðurnesjum. Síðla árs 1971 boraði Orkustofnun í Svartsengi fyrir Grindavíkurkaupstað. Voru það tvær holur, önnur 240 m en hin 400 m djúp.

Vatnsmagn og hitastig reyndist hið ákjósanlegasta, en vatn salt u. þ. b. $\frac{2}{3}$ af seltu sjávar. Varmaskiptistöðvar eru þess vegna óhjákvæmilegar. Orkustofnun birti skýrslu sína „Varmaveita frá Svartsengi — frumáætlun um varmaveitu til þéttbýlis á Suðurnesjum“ í janúar 1973.

Á s. l. sumri var á ný hafist handa um borun og tvær holur boraðar, 1500 m og 1700 m djúpar, með prýðilegum árangri, svo sem nánar greinir í greinargerð sem samín er af Orkustofnun og Fjarhitun h.f., og fylgir frumvarpi þessu.

Haustið 1973 stofnuðu sveitarfélög Suðurnesja með sér samstarfsnefnd og hefur hún síðan unnið ötullega að framgangi máls þessa ásamt og með starfsmönnum fjármála- og iðnaðarráðuneytisins. — Er frumvarp þetta samið í samvinnu þessara aðila.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greinargerð Orkustofnunar og Fjarhitunar h.f. frá 30. nóvember 1974 er varmaþörf sveitarfélaga á Suðurnesjum að meðtöldum Keflavíkurflugvelli um það bil 110 Mw. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður skuli vera stofnandi hitaveitu-fyrirtækis þess, er hér um ræðir, með sveitarfélögunum.

Í 2. mgr. eru í meginráttum rakin viðfangsefni fyrirtækisins. Ekki getur verið um tæmandi upptalningu þeirra að ræða, en ástæða þykir til að taka fram að bygging kyndistöðva falli þar undir.

Rétt þykir að heimili og varnarþing fyrirtækisins sé á athafnasvæði þess.

Um 2. gr.

Eignaraðilar hafa orðið sammála um þá skipting eignarhluta að ríkissjóður eigi 40% en sveitarfélögin samtals 60%. Eignarhlutfall sveitarfélaganna innbyrðis ákveðst af íbúatölu þeirra eins og hún var 1. des. 1974, en þær tölur liggja enn ekki fyrir.

Verkefni sameignarfélags þessa eru þess háttar að ástæða þykir til að setja venju fremur fastar reglur um og takmarkanir á ráðstöfunarheimild aðila að því er tekur til eignarhluta í fyrirtækinu. Fyrir því eru sett ákvæði um að eignarhlutföllum verði ekki breytt, svo og að engum sameignarfélagi sé heimilt að ganga úr fyrirtækinu, nema til komi samþykki allra sameigenda.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þar sem rætt er um mannvirki í þessari grein er átt við þau, sem reist og gerð hafa verið á Svartsengissvæðinu beinlínis vegna virkjunarframkvæmdanna. Rétt þykir að taka fram að undir þær falli borholur fyrir heitt og kalt vatn, svo og áætlanir allar og undirbúningsframkvæmdir.

Um 5. gr.

Rétt þykir að stofnframlag aðila verði 50 milljónir kr. samtals.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar um veitingu einkaleyfis til handa Hitaveitu Suðurnesja er í samræmi við V. kafla Orkulaga nr. 58/1967. Rétt þykir að lagt sé í vald

ráðherra að meta hvort æskilegt sé að einkaleyfið skuli einnig taka til Keflavíkurflugvallar. Undanþáguheimild þessi tekur þó aðeins til byggingar og reksturs dreifi-veitu.

Um 7., 8. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 29. gr. Orkulaga og almennar reglur um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, skv. l. nr. 64/1943.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um valdsvið stjórnar Hitaveitu Suðurnesja að því er tekur til skuldbindinga. Rétt þykir að takmarka vald hennar gagnvart hverjum einstökum eignaraðila til að skuldbinda hann fjárhagslega, með því að áskilja samþykki a. m. k. fimm þeirra. Skiptir hér ekki máli hver eignarhluti þeirra er skv. 2. gr. Ákvæði þetta á þó því aðeins við, að um fjárskuldbindingar til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum fyrirtækisins sé að ræða, enda myndi þá að jafnaði um háar upphæðir að tefla. Hinsvegar þykir ástæða til að gera ekki venjulegan rekstur fyrirtækisins þyngri í vöfum en venja er til, og því þarf ekki sérstakt samþykki aðila, þegar samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er árlega undir nema minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins næsta ár á undan.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Æskilegt er að samningar geti tekist milli aðila um kaup á jarðhitaréttindum og öðrum réttindum, sem nefnd eru í 14. gr., og að reynt verði til þrautar að ná samkomulagi áður en til eignarnáms kemur.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

GREINARGERÐ

um hitaveitu á Suðurnesjum, samin af Fjarhitun hf.
og Orkustofnun, 30. nóv. 1974.

Í þéttbýli á Suðurnesjum er mikill markaður fyrir upphitun, en hún er nú gerð að mestu með olíu og í litlum mæli með rafmagni. Lega jarðhitasvæðisins við Svartsengi er sem kunnugt er góð með tilliti til upphitunar á þessum stöðum og er því álitlegt að nota varma þaðan í þessu skyni.

Varmapörf einstakra byggða er sem hér segir: Keflavík 18 Mw, Njarðvíkur 6 Mw, Grindavík 6 Mw, Sandgerði 3.5 Mw, Gerðar 3 Mw og Vogar 3 Mw.

Auk þessa er töluverð byggð og fjölpætt starfsemi á Keflavíkurflugvelli og er varmapörf vallarins talin um 70 Mw. Varmapörfin á flugvellinginum er vegna flughafnarstarfsemi og athafnasvæðis varnarliðsins en sundurliðun hennar þar í milli er óljós.

Samtals er þá varmapörf byggðanna 40 Mw og ásamt flugvellinginum 110 Mw. Þessu til hliðsjónar má geta þess, að stærð Hitaveitu Reykjavíkur, áður en hún var stækkuð til nágrannabyggða, var um 280 Mw.

Haustið 1971 voru boraðar tvær grunnar holur í jarðhitasvæðið og gáfu þær mjög jákvæðan árangur. Síðan hefur svæðið verið rannsakað ítarlega með mælingum og vorið 1974 voru boraðar tvær 1500 m og 1700 m djúpar holur þar. Raf-

leiðnimælingarnar, sem ná niður á allt að 1000 m dýpi gefa til kynna, að stærð svæðisins sé um 4 km², en gera má þó ráð fyrir að þetta flatarmál eigi við um uppstreymistappa, en neðan hans sé svæðið stærra um sig. Hitastig í holunum mældist 230—240°C og efnainnihald vatnsins er hliðstætt því sem er á öðrum jarðhitasvæðum með sama hitastigi, nema að mikil selta er í vatninu, u.þ.b. $\frac{2}{3}$ hlutar af seltu sjávar. Ef litið er á jarðhitasvæðið sem vatnsforðabúr, sem ekki endurnýjar sig að neinu leyti má gera ráð fyrir að forðinn endist 110 Mw í a. m. k. 100 ár. Vegna þess að jarðhitavatnið er ekki nothæft beint til upphitunar var einnig borað eftir köldu fersku vatni. Ferska vatnið er úrkomuvatn, sem flýtur sem grunnvatn í hraununum ofan á sjó sem flæðir inn undir Reykjanesskagann. Ekki er fullkannað, hve miklu af fersku vatni má dæla úr grunnvatninu, en líkur benda til, að það dugi fyrir a. m. k. 50 MW virkjun.

Umfangsmiklar tilraunir hafa verið gerðar til að hita kalda vatnið með jarðhitavatni og gufu í varmaskiptum, en tilraunirnar miðuðu að því að finna hentugustu aðferðina við varmaskiptin. Niðurstöður þessara athugana eru, að hein blöndun gufu, sem soðin er af jarðhitavatninu, við kalda ferska vatnið, geti orðið neyslubæft heitt vatn. Með þessari aðferð nýtist varmi úr söltu vatni og gufu úr borholunum niður í 40—50°C, en ferska vatnið er hitað upp í 110—120°C og síðan afloftað með suðu niður í 110°C til að losna við súrefni og gös úr vatninu. Fyrirhugað er að bora eftir köldu, fersku vatni í hrauninu norðan og vestan við jarðhitasvæðið og dæla vatninu að varmaskiptastöð, sem væri staðsett á jarðhitasvæðinu.

Þær fjórar hábitaholur, sem þegar hafa verið boraðar, duga fyrstu árin fyrir varmaþörf byggðanna, og er talið, að ekki þurfi að bora meira fyrr en heitt vatn verður leitt til flugvallarins. Frá varmaskiptastöðinni er heita vatninu dælt um veituaðar til byggðanna. Aðveituaðarnar eru einangraðar stálpípur, sem liggja ofanjarðar á steiptum stöplum. Þar sem aðveituaðarnar fara um byggð í Keflavík og Njarðvík, eru þær neðanjarðar í steiptum stökkum. Dreifikerfin eru einföld, og eru sömu gerðar og hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Áætlun um stofnkostnað fyrir byggðirnar án flugvallarins, sem gerð var í júní 1974, gerir ráð fyrir, að stofnkostnaður veitunnar verði alls um 1800 milljónir kr., en það skiptist þannig, að virkjanir á jarðhitasvæðinu og öflun á köldu vatni kosti 410 Mkr; aðveituaðar kosta 580 Mkr og dreifikerfi byggðanna í Keflavík, Njarðvíkur, Grindavík, Sandgerði, Gerðum og Vogum kosti samtals 810 Mkr. Í þessum kostnaðaráætlunum er þó ekki reiknað með kostnaði vegna kaupa á jarðhitaréttindum og landi. Í framkvæmdáætlun fyrir byggðirnar er gert ráð fyrir að ljúka framkvæmdum á 3—4 árum. Á fyrsta ári verði jarðhitasvæðið virkjað, lagðar aðveituaðar til Grindavíkur og Njarðvíkur og hluti dreifikerfa í Grindavík, Njarðvík og Keflavík. Á öðru framkvæmdarári verði lokið við dreifikerfi á þessum stöðum og lagðar aðveituaðar að Sandgerði og Gerðum og hluti af dreifikerfum þar. Á þriðja ári verði lögð aðveituað að Vogum, lagt dreifikerfi þar að hluta og lokið við dreifikerfi í Sandgerði og Gerðum.

Samkvæmt rekstraráætlun, þar sem gert er ráð fyrir fjármagnskostnaði, sem miðast við lán til 15 ára með 10% vöxtum, verður upphitunarkostnaður í upphafi um 80% af kostnaði olíuhitunar, en lækkar þar til að eftir 15 ár verður hann um 50% af kostnaði olíuhitunar, þar sem hæfilegur afskriftartími þessara mannvirkja er um 25 ár, er augljóst, að hér er um að ræða arðbæra fjárfestingu, auk þess að gjaldeyrir sparast til kaupa á innfluttum orkugjöfum.

